

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti
Reykjavík, 29. apríl 2021

Efni: Umsögn frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál

Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins eins og það liggur fyrir og gera eftirfarandi athugasemdir.

Í frumvarpinu eru lagðar til talsverðar breytingar á lögum vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins er varða úrgangsmál. Markmið með því að innleiða þær áður en að þær eru teknar upp í EES samninginn er að skapa sem fyrst skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis í íslenski löggjöf, þannig að meiri endurnýting og endurvinnsla úrgangs eigi sér stað. Bændasamtökin eru sammála því að innleiða þurfi hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, enda er það nauðsynlegur hluti af því að auka sjálfbærni landbúnaðar og er hluti af umhverfisstefnu Bændasamtakanna 2020-2030.

I. Almenn

Um talsverða hríð hefur verið í gildi reglugerð um aukaafurðir dýra sem hvetja til þess að afurðir dýra séu fullnýttar. Fjölmörg dæmi eru um slíkt, þar sem afurðir frá sláturhúsum eru nýttar til framleiðslu á loðdýra- og gæludýrafóðri innanlands og fluttar, til frekari vinnslu erlendis. Bændasamtökin hafa þó áhyggjur af því að innviðir til þess að taka við þeim úrgangi sem urðaður er í dag frá matvælavinnslum, svo sem gor og annað sem ónothæft er til framleiðslu á afurðum sem nefndar voru að ofan, innan þeirra tímamarka sem gert er ráð fyrir. Samkvæmt frumvarpinu eiga löggin að taka gildi 1. janúar 2023. Samtökin leggja því til að sett verði bráðabirgðaákvæði í lög um meðhöndlun úrgangs sem hljóði svo: „*Þrátt fyrir 6. mgr. 10.gr. er heimilt að urða eða senda til brennslu úrgang sem fellur undir skilgreininguna aukaafurðir dýra í 4.gr. laga nr. 25/1993 sem safnað hefur verið til 1. janúar 2025*“.

Verði sú breyting ekki gerð telja Bændasamtökin að kostnaðarauki sem af þessum lögum hlýst komi til með að annaðhvort skerða afkomu bænda í gegnum hækkadan sláturkostnað eða draga úr samkeppnishæfni landbúnaðarafurða. Ekki er fyllilega skýrt hver afmörkun er á kostnaðarþáttum sem framleiðendaábyrgð á að standa undir. Þannig geti sveitarfélög farið í ráðstafanir, án aðkomu framleiðenda. sem hafa í för með sér verulegan kostnað og hugsanlega valdar leiðir sem eru ekki hagkvæmar. Ekki er gerð tilraun í greinargerð frumvarpsins til að leggja mat á þann kostnað sem af

Þessu hlýst fyrir framleiðendur (vegna framleiðendaábyrgðar) eða sveitarfélaga. Ljóst er þó að sá kostnaður er verulegur og er því vonbrigði að ekki sé ekki gerð tilraun til að meta umfang hans.

Bændasamtökin benda einnig á að aðildarríkjunum verður gert skylt að grípa til ráðstafana sem hvetji til endurvinnslu lífúrgangs yfir í hágæða afurðir. Slík starfsemi er nú þegar til staðar á Íslandi, en minnarækt umbreytir verulegu magni af lífúrgangi í hágæða afurðir. Mikilvægt er að tekið sé tillit til þessa þegar reglugerðir verða útfærðar með hliðsjón af nýjum lögum.

II. Niðurlag

Bændasamtökin telja að með þeirri breytingu sem lögð er til að ofan verði raunhæft að markmið laganna náist án þess að hætta sé á að óhóflegur kostnaður falli til sem skerði samkeppnishæfni íslenskra landbúnaðarafurða. Þá leggja Bændasamtökin mikla áherslu á að fullt samráð verði haft við hagsmunaaðila við gerð eða breytingu reglugerða sem af þessari lagabreytingu leiðir.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímisdóttir